

Samkomulag

Framsýnar- stéttarfélags og Fjallalambs hf.



Kópasker 19. september 2017

Framsýn, stéttarfélag og Fjallalamb hf. gera með sér svohljóðandi samkomulag um kaup og kjör starfsfólks í sláturhúsi fyrirtækisins á Kópaskeri. Samkomulagið gildir í sláturtíðinni 2017 og skal endurskoðað fyrir sláturtíðina 2018.

1.0 Skráning vinnutíma

Greiða skal starfsmönnum samkvæmt stimpilklukku, þó ekki minna en starfshlutfall þeirra segir til um samkvæmt ráðningarsamningi sem gera skal við starfsmenn við upphaf ráðningar. Starfsfólki er skylt að nota stimpilkukkuna þegar það mætir til vinnu og eins þegar það lýkur vinnu.

2.0 Laun í sláturtíð

Launaflokkur 3	Mán.laun	Dagv.	Yfirv.
<i>Byrjunarlaun</i>	257.229	1.484,05	2.671,33
<i>Eftir 1 sláturtíð</i>	258.965	1.494,06	2.689,36
<i>Eftir 3 sláturtíð</i>	260.727	1.504,23	2.707,66
<i>Eftir 5 sláturtíð</i>	262.515	1.514,54	2.726,22

Launaflokkur 4	Mán.laun	Dagv.	Yfirv.
<i>Byrjunarlaun</i>	258.965	1.494,06	2.689,36
<i>Eftir 1 sláturtíð</i>	260.727	1.504,23	2.707,66
<i>Eftir 3 sláturtíð</i>	262.515	1.514,54	2.726,22
<i>Eftir 5 sláturtíð</i>	264.330	1.525,01	2.745,07

Taflan tekur mið að launatöflu Framsýnar stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins í almenna kjarasamningnum. Launaflokkur 3 stendur fyrir almenn störf og launaflokkur 4 fyrir sértæk störf, sjá fylgiskjal. Til sértækra starfa í sláturtíð teljast þau störf sem unnin eru á sláturlínu frá réttarstjóra og út fláningu, innanúrtökumenn og yfirráðskona. Þetta á einnig við um fasta starfsmenn í frosti.

Orlofs- og desemberuppbót skal greidd sértaklega með launum. Orlofsuppbót er kr. 27,- og desemberuppbót er kr. 48,- samtals kr. 75,- per tíma og tekur þeim breytingum sem verða á aðalkjarasamningi Framsýnar og Samtaka atvinnulífsins.

Laun ungmenna skulu vera eftirfarandi í sláturtíð: Laun 17 ára eru 95% af byrjunarlaunum Lf. 3 eða Lf. 4 allt eftir því hvaða störfum þeir gegna. Sama á við laun 16 ára, þau skulu vera 90% af byrjunarlaunum. Laun 15 ára skulu vera 75% af byrjunarlaunum og 14 ára 65% af sama stofni. Unglingar sem ráðnir eru í tímabundin verkefni s.s. að pakka afurðum fá ekki greiddan fastan kaupauka.

3.0 Kaupaukakerfi

Meðan ekki er tekið upp fast kaupaukakerfi hjá fyrirtækinu gilda eftirfarandi reglur um greiðslur kaupauka:

Kaupauki:

Almennur kaupauki: Bónus ætlaður starfsfólki í almennum störfum á fyrsta starfsári ásamt starfsmönnum í kjötvinnslu kr. 192 kr/klst. í dagvinnu. Sjá skilgreiningu á störfum í fylgiskjali II.

Kaupauki I: Bónus ofan á laun starfsmanna við sértæk störf á fyrsta starfsári samkvæmt fylgiskjali II. skal vera kr. 362 kr/klst. í dagvinnu. Almennir starfsmenn við slátrun á öðru starfsári skulu einnig fá þennan bónus til viðbótar launum.

Handwritten signature and initials in blue ink.

Kaupauki II: Bónus ofan á laun starfsmanna við sértæk störf á öðru starfsári samkvæmt fylgiskjali II. skal vera kr. 368 kr/klst. í dagvinnu. Almennir starfsmenn við slátrun á þriðja starfsári skulu einnig fá þennan bónus til viðbótar launum.

Kaupauki III: Bónus ofan á laun starfsmanna við sértæk störf á þriðja starfsári samkvæmt fylgiskjali II. skal vera kr. 439 kr/klst. í dagvinnu. Almennir starfsmenn við slátrun á fjórða starfsári skulu einnig fá þennan bónus til viðbótar launum.

Yfirmatráðskona:

Yfirmatráðskona fær ekki kaupauka, þess í stað fær hún 30% fast álag á laun í sláturtíð.

Starfsmenn í kjötvinnslu:

Sé ekki á annan hátt samið í ráðningarsamningi fastra starfsmanna í kjötvinnslu fyrirtækisins skulu starfsmenn fá greiddar kr. 192 fyrir hverja dagvinnustund enda séu þeir tilbúnir að taka að sér aukin verkefni í sláturtíð. Í þeim tilfellum sem starfsmaður í kjötvinnslu er færður í sértæk eða almenn störf í sláturhúsi skal hann fá þann kaupauka per/klst. sem gildir fyrir það starf sem hann gegnir miðað við starfsaldur.

Bónus ekki greiddur á yfirvinnu:

Almennt er ekki greiddur bónus á yfirvinnu nema samið sé um það sérstaklega s.s. vegna þess að færa þurfi til slátrun á rauða daga vegna ófyrirséðra atvika eins og veðurs eða færðar.

4.0 Fæðishlunnindi

Starfsmenn búsettir utan Kópaskers fá frítt fæði (þ.e. morgunkaffi, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat), mánudaga til síðdegis á föstudögum meðan á sláturtíð stendur. Eru reiknaðar kr. 498,- í fæðishlunnindi á dag, sem eru skattlagðar í samræmi við reglur þar um. Starfsmenn búsettir á Kópaskeri fá ekki frítt fæði en geta samið um að fá fæði gegn vægu gjaldi. Starfsmenn sem sérstaklega eru ráðnir til starfa í sláturtíð og dvelja í íbúðum á vegum Fjallalambis á Kópaskeri skulu einnig hafa aðgang að fríu fæði en ber að greiða skatt af fæðishlunnindum eins og þeir starfsmenn sem þetta ákvæði nær yfir.

5.0 Starfsaldurshækkanir

Við mat á starfsaldri skal sláturtíð metin til starfsaldurs, hafi viðkomandi starfsmaður unnið 3 vikur í sláturtíð. Starfsmenn sem unnið hafa við slátrun í öðrum sláturhúsum skulu fá tímann sinn metinn hjá því sláturhúsi. Ef óskað er skal launþegi færa sönnur á starfsreynslu sína.

Við mat á starfsaldri skal taka fæðingarorlof starfsmanna sem unnið hafa a.m.k. tvær sláturtíðir eða eitt ár hjá Fjallalambi hf. teljast sem starfstími við mat á réttindum til launa og annarra réttinda.

6.0 Áunnin réttindi

Áunnin réttindi launþega skulu haldast við endurráðningu innan eins árs. Á sama hátt skulu áunnin réttindi taka gildi á ný eftir tveggja vikna starf ef endurráðning verður eftir meira en eitt ár en þó innan þriggja ára frá því að starfsmaður vann síðast í sláturhúsi Fjallalambis hf.

Áunnin réttindi starfsmanna haldast, ef viðkomandi starfsmaður getur ekki stundað vinnu sína vegna veikinda eða fer í fæðingarorlof eftir að hafa starfað í a.m.k. tvær sláturtíðir eða eitt ár hjá Fjallalambi hf.

7.0 Veikinda- og slysaréttur

Í vinnuslysa- og atvinnusjúkdómatilvikum á starfsfólk á fyrsta ári rétt til staðgengilskaups tvo daga fyrir hvern unninn mánuð.

Í öðrum slysum en vinnuslysum og öðrum sjúkdómum en atvinnusjúkdómum á starfsfólk á fyrsta ári rétt til staðgengilskaups tvo daga fyrir hvern unninn mánuð.

Starfsmaður sem unnið hefur fleiri en eina sláturtíð flytur á milli ára þau réttindi sem hann hefur áunnið

P.O. A.P.O.

sér, samanber 6.0 grein.

Við mat á staðgengilskaupi í sláturhúsavinnu skal miða við þau laun sem viðkomandi hefði haft, ef hann hefði verið í vinnu.

Haldi greiðsluskylda áfram vegna vinnuslyss eftir að vinnu lýkur í sláturhúsi skal greiða viðkomandi dagvinnukaup þann tíma sem hann er frá vinnu eða námi vegna slyss. Veikindi skulu tilkynnt tafarlaust, að öðrum kosti verða laun ekki greidd vegna þeirra. Veikindi starfsmanns sem verður óvinnufær af völdum neyslu áfengra drykkja eða annarra efna, eru undanþegin almennum veikindarétti.

Starfsmenn sem unnið hafa við slátrun í öðrum sláturhúsum skulu fá tímann sinn metinn hjá því sláturhúsi. Ef óskað er skal launþegi færa sönnur á starfsreynslu sína.

8.0 Hlífðarfatnaður og öryggisbúnaður

Fjallalamb hf. sér öllu starfsfólki fyrir hlífðarfötum, skóm/öryggisskóm og vinnuvettlingum. Jafnframt skal leggja starfsmönnum til allan öryggisbúnað/tæki sem krafist er skv. lögum, reglugerðum eða að mati verkstjóra, öryggisnefndar (öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður) eða Vinnueftirlits ríkisins. Starfsmönnum er skylt að nota þau öryggisbúnað/tæki sem þeim eru lögð til. Heimilt er að víkja þeim starfsmönnum úr vinnu sem ekki fara að fyrirmælum verkstjóra um notkun öryggishlífa. Starfsmönnum sem vinna í frystiklefum skulu lagðir til kuldagallar eða úlpur eftir samkomulagi.

9.0 Akstur starfsfólks í sláturtíð

Akstur til og frá vinnustað er greiddur að vissu marki fyrir þá sem eiga lengra heim en 7 km. Útgefið verð er fyrir akstur á bundnu slitlagi og greiðist 15% álag til viðbótar fyrir akstur á malarvegi.

Viðmiðunargjald kr. 116. (Akstursgjald ríkisstarfsmanna - auglýsing nr. 3/2011)

Ökumaður og þrír farþegar eða fleiri	110 kr.
Ökumaður og tveir farþegar	83 kr.
Ökumaður einn og/eða einn farþegi	55 kr.

Þessar upphæðir taka mið af skattmati ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á mann fyrir hvern km. miðað við daglegar milliferðir. Þær eru nú eins og fram kemur í þessari grein.

Þjóðist starfsmönnum gisting á vegum Fjallalambs er fyrirtækið ekki skuldbundið til að greiða þeim starfsmönnum akstur vegna ferða milli heimils og vinnustaðar.

10.0 Verklýsing fyrir þrif og greiðsla fyrir þrif

Greiðsla fyrir þrif í vinnslusölum fyrirtækisins skal vera með sama hætti og haustið 2016. Greiða skal fasta 20 tíma fyrir þrif á dag sem skiptist milli þeirra starfsmanna sem vinna verkið. Tímarnir skiptast þannig milli hæða, greiddir eru 12 tímar fyrir þrif á efri hæðinni og 8 tímar fyrir þrif á neðri hæðinni. Fyrirtækið skal láta starfsmönnum í té starfslýsingu og greinagóðar upplýsingar um framkvæmd þrifanna. Komi til þess að þrifum sé ábatavant skal yfirmaður/verkstjóri gera starfsmönnum þegar viðvart.

Byrjunarlaun:	kr. 2.707,66 (Lf-4 eftir eina sláturtíð)
Eftir 1 sláturtíð:	kr. 2.726,22 (Lf-4 eftir þrjár sláturtíðir)

11.0 Um trúnaðarmenn

Trúnaðarmaður starfsfólks skal hafa aðgang að öllum skráningum og útreikningum sem við kemur kaupaukakerfinu. Komi upp ágreiningsmál, skal trúnaðarmanni heimilt að yfirfara gögn og vinnuskýrslur, sem ágreiningsmálið varðar. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

12.0 Vinnutími

Dagvinnutími er 40 klst. á viku eða 8 klst. á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til kl. 17:00, frá mánudegi til föstudags. (Virkur vinnutími er 37 klst. og 5 mín) Innan framangreindra tímamarka er heimilt að

JVD

Handwritten signature or initials in blue ink.

samræma vinnutíma starfsmanna á sama vinnustað.

13.0 Matar- og kaffitímar

Matar- og kaffitímar starfsmanna skulu vera eftirfarandi: Tveir 20 mín. kaffitímar og klukkustund í hádegisverð á dagvinnutímabili. Þá skulu teknar tvær pásur, það er 2x10 mín eins og verið hefur á dagvinnutímabili. Heimilt er að breyta þessu fyrirkomulagi á pásum með samþykki beggja aðila.

14.0 Innvinnsla orlofs

Aðilar eru sammála um að við ákvörðun starfstíma til orlofs hjá sláturhúsi, ávinnist orlofsréttur sem nemur 1,5 sinnum unninn vinnutími í sauðfjárslátrun.

15.0 Námskeiðsmál

Innan fyrirtækisins skal vera starfandi nefnd, það er tveir frá hvorum samningsaðila, sem hafi það hlutverk að skipuleggja og hrinda úr vör námskeiðum í þágu fyrirtækisins og starfsmanna. Nefndin skal leita eftir samstarfi við hlutaðeigandi aðila um innihald, fjármögnun og skipulagningu námskeiðanna.

16.0 Útborgun launa

Greiðsla launa til þeirra sem sérstaklega eru ráðnir til fyrirtækisins í sláturtíð skulu fara fram á tveggja vikna fresti. Aðrir starfsmenn sem eru í föstu ráðningarsambandi við fyrirtækið skulu fá greidd laun mánaðarlega.

17.0 Önnur atriði

Um önnur atriði, en hér eru sérstaklega fram tekin, gildir hinn almenni kjarasamningur Framsýnar, stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins eins og hann er á hverjum tíma.

18.0 Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2017.

Kópasker 19. september 2017.

Með venjulegum fyrirvara.

Fh. Framsýnar, stéttarfélags



Fh. Fjallalamb hf.



puv

Fylgiskjal II

Flokkun starfa haust 2017

Nr.	Starfstaður	Stutt verklýsing, sjá nánar í gæðahandbók
1	Réttarstjóri	Skipulag, móttaka, mötun í banadilk Umsjón með einstaklingskrán.
2	Bani	Raftöng
3	Bani 2	Stunga og upphengi
4	Klippari	Klippa haus og horn og setja haus niður
5	Bringuskurður	Rista og rífa skinn af bringu. Skera fyrir á kvið Taka dindilenda
6	Upphengir	Skera sepana á framfótum. Hengir upp á glennu
7	Y skurður	Rista fyrir á hálsi og rífa niður af skönkum
8	Y skurður	Rista fyrir á hálsi og rífa niður af skönkum
9	Háls	Skera eftir vélinda, setja klemmu, fjarlægja barka, vélinda og hálsæðar
10	Afturfætur	Klippa afturlappir, setja rasstappa,
11	Síðutjakkur	Gera vasa með hendi og flá niður á lærin með tjakk
12	Combi vél	Skankaskinn í klemmuna, hækiljárn í skrokk og hengir upp, skíði á braut
13	Framfætur	Klippa framfætur. Taka endagörn Taka dindil að rót
14	Eistu og mör	Setja eistu á disk og mör í skál
15	Kviðarhol	Taka vambastykki og setja á bandið, nýru og nýrmör
16	Brjósthol	Skera upp þind og hengja allt saman á krók. Hirða nýru (náraband)
17	Snyrting	Hryggæðar, fita og óhreinindi
18	Snyrting	Hryggæðar, fita og óhreinindi
19	Þvottur og nári	Skola brjósthol Skera nárafitu
20	Kjötmat	Kjötmat og mæling
21	Aðskilnaður	Skera innmat af krók, lifur, þind, hjörtu, lungu
22	Eistu	Hreinsa eistu
23	Pökkun	Koma innmat á pönnur eða poka og í kæli
24	Járn og gólf	Sóthreinsa hækiljárn, raða járnum á braut. Sjá um gólfsköfun og þrif
25	Kjötsalur	Flokka og raða í slátursal, bógbinda og stimpla
27	Klæðning 4 menn (5t)	Klæða og flytja í kæli
31	Frystir	Hleðslustjóri í frosti
32	Frystir 3 menn	Setja í frost og stafla í geymslur
35	Frystir niðri	Hlaða og tæma innnyflafrysti. Hrímhreinsa Pakka og frysta blóð
36	Gærur	Skurður, kæling, hleðsla á gærum
37	Gærur	Skurður, kæling, hleðsla á gærum
38	Hausar	Klippa ull
39	Svíðing	Svíða hausa og lappir
40	Verkun	Svíðaverkun og sögun
41	Þrif niðri	Þrifa á neðri hæð samkv. Verklýsingu
42	Þrif uppi	Þrifa á efri hæð samkv. Verklýsingu
43	Þvottar og þrif	Þrifa ganga og sjá um klæðnað
44	Eldhús	Matráðskona
45	Eldhúsaðstoð	Morgunhjálp í eldhúsi 1-2 tímar

þur
ATA

Nr.	Starfstaður	Stutt verklýsing, sjá nánar í gæðahandbók	Almenn	Sértæk	Annað
1	Réttarstjóri	Skipulag, móttaka, mötun í banadilk Umsjón með einstaklingskrán.		S	
2	Bani	Raftöng		S	
3	Bani 2	Stunga og upphengi		S	
4	Klippari	Klippa haus og horn og setja haus niður		S	
5	Bringuskurður	Rista og rífa skinn af bringu. Skera fyrir á kvið Taka dindilenda		S	
6	Upphengir	Skera sepana á framfótum. Hengir upp á glennu		S	
7	Y skurður	Rista fyrir á hálsi og rífa niður af skönkum		S	
8	Y skurður	Rista fyrir á hálsi og rífa niður af skönkum		S	
9	Háls	Skera eftir vélinda, setja klemmu, fjarlægja barka, vélinda og hálsæðar	A		
10	Afturfætur	Klippa afturlappir, setja rasstappa,	A		
11	Síðutjakkur aðstoð.	Aukamaður með síðutjakk. Almenn starf ef það eru 2 annars sértækt	A		
11	Síðutjakkur	Gera vasa með hendi og flá niður á lærin með tjakk. Alm. ef 2 menn.	A	S	
12	Combi vél	Skankaskinn í klemmuna, hækiljárn í skrokk og hengir upp, skíði á braut		S	
13	Framfætur	Klippa framfætur. Taka endagöm Taka dindil að rót		S	
14	Eistu og mör	Setja eistu á disk og mör í skál	A		
15	Kviðarhol	Taka vambastykki og setja á bandið, nýru og nýrmör		S	
16	Brjósthol	Skera upp þind og hengja allt saman á krók. Hirða nýru (náraband)		S	
17	Snyrtling	Hryggæðar, fita og óhreinindi	A		
18	Snyrtling	Hryggæðar, fita og óhreinindi	A		
19	Þvottur og nári	Skola brjósthol Skera nárafitu	A		
20	Kjötmat	Kjötmat og mæling			M
21	Aðskilnaður	Skera innmat af krók, lifur, þind, hjörtu, lungu	A		
22	Eistu	Hreinsa eistu	A		
23	Pökkun	Koma innmat á pönnur eða poka og í kæli	A		
24	Járn og gólf	Sóttgreinsa hækiljárn, raða járnnum á braut. Sjá um gólfsköfun og þrif	A		
25	Kjotsalur	Flokka og raða í slátursal, bógbinda og stimpla	A		
27	Klæðning 4 menn (5t)	Klæða og flytja í kæli	A		
31	Frystir	Hleðslustjóri í frosti		S	
32	Frystir 3 menn	Setja í frost og staffa í geymslur	A		
35	Frystir niðri	Hlaða og tæma innnyflafrysti. Hrímhreinsa Pakka og frysta blóð	A		
36	Gærur	Skurður, kæling, hleðsla á gærum	A		
37	Gærur	Skurður, kæling, hleðsla á gærum	A		
38	Hausar	Klippa ull	A		
39	Svíðing	Svíða hausa og lappir		S	
40	Verkun	Svíðaverkun og sögun	A		
41	Þrif niðri	Þrifa á neðri hæð samkv. Verklýsingu			Þ
42	Þrif uppi	Þrifa á efri hæð samkv. Verklýsingu			Þ
43	Þvottar og þrif	Þrifa ganga og sjá um klæðnað			Þ
44	Eldhús	Matráðskona			M
45	Eldhúsaðstoð	Morgunhjálp í eldhúsi 1-2 tímar	A		

DUU
AAB

Bókun I

Starfsmenn Fjallalambs sem lokið hafa 170 stunda Fjölverkjanámi á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga eða sambærilegra stofnana skulu eiga rétt á 4.530,- króna launagreiðslu á mánuði m.v. fullt starf og hlutfallslega m.v. við starfshlutfall. Upphæðin skal tekin fram í ráðningarsamningi sem sérstök viðbót ofan á laun. Upphæðin skal taka sömu hækkunum og verða á samningi þessum á hverjum tíma.

Kópasker 12. september 2017.

Fh. Framsýnar, stéttarfélags



Fh. Fjallalambs hf.

